

Ma.

558. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

Frá fjárhagsnefnd.

Eftir að frv. þau, sem stjórnin lagði fyrir þetta þing, um seðlaútgáfu Landsbankans og breyting á lögum Íslandsbanka 10. nóv. 1905, voru fallin í þessari hv. deild, tók nefndin þetta frv. til athugunar og hefir átt nokkra fundi með ráð-

herrunum um málið. Hafa þeir tjáð nefndinni, að Íslandsbanki óski, að frv. þessu verði breytt þannig, að væntanleg lög um þetta efni gildi til 1. maí 1920, en hins vegar hafa þeir óskað, landsstjórnarinnar vegna, að lögín verði látin gilda til 1. maí 1921.

Nefndin leggur því til, að frv. þetta verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

**Við 3. gr. Í stað »1. september 1919« komi:
1. maí 1921.**

Alþingi, 28. ágúst 1919.

**Magnús Guðmundsson,
formaður, framsögumaður.**

**Þórarinn Jónsson,
fundaskrifari.**

Einar Árnason,

Hákon J. Kristófersson.

Sigurður Sigurðsson.